

Reykjavík 3. mars 2021

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Frumvarp til laga um áhafnir skipa

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Í samráðsgátt stjórnvalda er kallað eftir umsögnum um frumvarp til laga um áhafnir skipa. Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

Í 17. gr. er m.a. fjallað um fjölda stýrimanna og vekur þar sérstaka athygli texti um útivistartíma smáskipa þar sem eigendur eru einnig lögskráðir sem skipstjórnarmenn. Þar stendur: „*Þegar eigandi skips skv. skipaskrá er lögskráður sem skipstjóri og er einn um borð þarf ekki stýrimann þó útivist fari yfir 14 klst.*”.

Sætir það nokkurri furðu að þessi texti skuli vera í þessum drögum til samráðs.

Í lýsingu á tilgangi þessarar fyrirhuguðu lagasetningar eru sérsakalega tiltekinn níu atriði til breytinga samhliða sameiningu þessara laga. Markmið sem kemur fram í 2. lið þeirrar lýsingar samræmist fullkomlega þeirri skýru þörf sem kemur fram í gögnum rannsóknarnefndar samgönguslysa um nauðsyn þess að varðstaða á smáskipum sé staðinn betur heldur en nú gengur og gerist. Fjöldi alvarlegra slysa/atvika þar sem þessar skipagerðir eiga í hlut þarf nauðsynlega að fækka með aðgerðum sem m.a. ættu að raungerast með þessari fyrirhuguðu lagasetningu.

Þrátt fyrir ítarlega yfirlegu getur SL þó **ekki** fallist á að rökrétt sé að eigendur smáskipa séu betur til þess fallnir að halda dyggan útvörð við siglingu frekar en aðrir skipstjórnarmenn/stýrimenn. Því leggur SL til að þessi texti og annað orðalag tengt útiveru eigenda skipa umfram 14 klst. verði felldur út með það fyrir augum að koma í veg fyrir frekari tíðni slysa, sem rekja má til langrar vöku skipstjórnarmanna, hvort sem það eru eigendur skipa eður ei.

Virðingarfyllt
Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri